

Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð 11. mars: Fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Samfylkingar, Viðreisnar, Pírata og Sósíalístaflakks Íslands um aðgengi fatlaðs fólks að þjónustu Strætó og vagnaflota Strætó bs.:

Óskað er eftir upplýsingum um aðgengi fatlaðs fólks að þjónustu Strætó og vagnaflota Strætó bs. Hversu margir strætisvagnar eru í umferð sem nú uppfylla kröfur um aðgengi hreyfihamlaðs fólks? Hversu margir strætisvagnar uppfylla ekki kröfur um aðgengi t.d. hjólastóla? Hvernig er verklagi háttað í þeim tilfellum þegar farþegi getur ekki nýtt sér þjónustu vegna þess að vagninn er ekki búinn til að taka við farþega sem er hreyfihamlaður og notast við göngugrind eða hjólastól? Hverjar eru verklagsreglur varðandi aðstoð bílstjóra við fatlaða farþega svo sem þá sem notast við göngugrind, hjólastól eða hvíta stafinn? Einnig er óskað eftir upplýsingum um framtíðarsýn og stefnumörkun Strætó í málaflakki er varðar þjónustu við fatlað fólk, er vinna í gangi við að auka aðgengi þessa hóps bæði að vögnum og veittri þjónustu vagnstjóra? Hvenær stendur til að skipta út þeim vögnum sem ekki uppfylla aðgengiskröfur?